
Ársskýrsla Garðasels haust 2020 – haust 2021

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr.225/1995

4.gr.

Menntamálaráðuneytið skal árlega afla upplýsinga um tiltekna þætti í starfsemi leikskóla, sbr.15. og 16.gr. reglugerðar þessarar. Sveitastjórn skal senda menntamálaráðuneytinu ársskýrslu leikskóla fyrir 1. júní ár hvert. Í sveitarfélögum þar sem reknir eru tveir leikskólar eða fleiri skal senda menntamálaráðuneytinu eina ársskýrslu sameiginlega fyrir alla leikskóla sem reknir eru í sveitarfélaginu.

Ákvæði þetta tekur til allra leikskóla og er leikskólum sem starfa á grundvelli rekstrarleyfis skv.7.gr. laga nr. 78/1994 skylt að gefa leikskólanefnd umbeðnar upplýsingar.

Efnisyfirlit

Almennar upplýsingar	2
Starfið síðasta leikskólaár.....	3
Starfsáætlun	3
Vinnustundir - hópastarf	3
Innra mat á starfið, framkvæmd og niðurstöður.....	4
Umbótaaðgerðir vegna ytra mats Menntamálastofnunar.....	4
Þróunarstarf og nýbreytnistarf	5
Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir	5
Kynning á leikskólanum.....	10
Fundir s.s. fundir allra starfsmanna, deildarstjóra, leikskólakennara, deildarfundir, samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.....	10
Skipulagsdagar.....	11
Foreldrasamstarf	11
Áherslur og markmið	11
Foreldrafundir - foreldraviðtöl - fréttabréf.....	12
Foreldrafélag	13
Samstarf – fræðsla – ráðgjöf	14
Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila.....	14
Starfsmannasamtöl	14
Samstarf við grunnskóla Reykjanesbæjar	14
Öryggismál	15
Endur- og símenntun starfsmanna.....	16
Lokaorð.....	17

Almennar upplýsingar

Garðasel, Hólmgarði 4, Reykjanesbæ
sími 420-3160
Netfang : gardasel@leikskolinngardasel.is
Veffang: <http://www.leikskolinngardasel.is/>
Leikskólastjóri: Ingibjörg Guðjónsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri: B. Sif Stefánsdóttir

Heilsuleikskólinn Garðasel er fjögurra deilda með sveigjanlegum vistunartíma, frá 4 tímum og upp í 8 tíma vistun. Leikskólinn Garðasel tók til starfa árið 1974. Þetta skólaár dvöldu 95 börn á aldrinum 2ja–6 ára. Leikskólinn er aldursskiptur og er markmiðið að koma til móts við þarfir mismunandi aldurs barnanna. Á vesturgangi eru deildirnar Lundur fyrir 2ja ára börn og Þúfa fyrir 3ja ára börn. Á Austurgangi eru deildirnar Hvammur fyrir 4 ára börn og Varða fyrir 5 ára börn. Leikskólinn er opinn frá 7:30–16:30. Flatarmál húsa er 821,4 ferm., nettóstærð leikrymis er 366,1 ferm., flatarmál lóðar er 4.251 ferm. og leiksvæðið er 2.904 ferm.

Uppeldisstarf, áherslur og markmið

Í leikskólanum Garðaseli er starfað samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/208 og Aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gaf út 2011. Leikskólinn er fyrir börn á skólaskyldualdri, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu eða trú.

Garðasel er með það að markmiði að:

Efla alhliða þroska barnsins í samræmi við eðli, þarfir hvers og eins í gegnum leikinn, ásamt því að auka gleði og vellíðan barnanna. Þar er einnig lögð áhersla á næringu, hreyfingu og skapandi starf.

Leiðir okkar til að ná þessum markmiðum eru þessar:

- Mikil áhersla er á að börnin fái hollan, fjölbreyttan og næringarríkan mat þar sem flestallt er unnið frá grunni og hörð fita, sykur og salt eru í lágmarki.
- Áhersla er á fjölbreyttar á fjölbreyttar skipulagðar hreyfistundir inni sem úti, þar sem andleg og líkamleg vellíðan er í fyrirrúmi, gleði, snerpa og þor.
- Skapandi starf er ríkjandi í leikskólanum, unnið er með fjölbreyttan efnivið innan dyra sem utan.
- Áhersla á læsi í víðasta skilningi: Að börnin séu læs á umhverfi sitt, að ritmálið sé sýnilegt, eflum lesskilning, orðaforða og hljóðkerfisvitund.
- Áhersla á stærðfræði: Að börnin þekki tölutáknin, stærðfræðihugtökin, formin, stærð, fjölda og að tölutáknin séu sýnileg.
- Unnið er markvisst með könnunarleikinn með yngsta árgangi leikskólans.

Í skólanámskrá leikskólans, sem er á heimasíðu Garðasels, er hægt að kynna sér nánar stefnu skólans, starfsaðferðir okkar og annað sem við bjóðum uppá.

Einkunnarorð leikskólans eru: Hreyfing, virðing, næring, skapandi starf.



Starfið síðasta leikskólaár

Starfsáætlun

Ársáætlun/skóladagatali fyrir árið 2020-2021 var fylgt vel eftir og stóðst í nær alla staði þrátt fyrir takmarkanir vegna Covid-19. Viðburðir þar sem vanalega eru gestir viðstaddir féllu niður en í staðinn voru viðburðirnir með öðrum hætti eins og tilefni stóð til hverju sinni. Skólinn var hólfaður niður í tvö sóttvarnarhólf stóran hluta skólaársins og breytti það töluvert allri umgjörð og starfi skólans. Starfsfólk vann oft við erfiðar aðstæður en leitaði ávallt lausna og hélt uppi eins hefðbundnu skólastarfi og hægt var þrátt fyrir takmarkanir. Unnið var að undirbúningi fyrir veturnum á starfsmannafundum, deildarstjórafundum og deildarfundum. Unnið var eftir starfsáætlun sem inniheldur markmið og leiðir út frá áherslum hvers árgangs.

Í upphafi skólaárs var skóladagatal Garðasels kynnt fyrir kennurum og foreldrar fengu skóladagatalið sent í netpósti, og er það einnig aðgengilegt á heimasíðu leikskólans (sjá Skólastarfið - Skóladagatal).

Vinnustundir - hópastarf

Í leikskólastarfi er mikilvægt að leggja áherslu á fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum.

Vikuáætlanir

Á öllum deildum er unnið eftir vikuáætlun sem sniðin er eftir aldri og áherslum fyrir hvern árgang. Þar er markvisst unnið eftir áherslum sem leikskólinn hefur sett sér til að efla læsi og stærðfræði allra barna. Vikuáætlanir eru endurskoðaðar á hverju ári.

Leikur að læra (LAL)

Í Garðaseli er mikið unnið með hreyfingu í leik og starfi. Meðal annars er notast við kennsluaðferðina *Leikur að læra* þar sem börnum á aldrinum 2 – 10 ára eru kennd öll bókleg fög í gegnum leiki og hreyfingu á skemmtilegan, líflegan og árangursríkan hátt. Kristín Einarsdóttir íþrótt- og grunnskólakennari er höfundur kennsluaðferðarinnar. Aðferðin er nýtt í öllu starfi leikskólans, meðal annars í hópastarfi í hverri viku og einnig í leikfimi hjá öllum börnum. Margir starfsmenn hafa farið á námskeið í aðferðinni og nýta sér hana við ýmis tækifæri.

Könnunarleikur

Með yngsta árgangi (2ja-3ja ára) er unnið með könnunarleikinn (Heuristic play with objects) sem er góð aðferð fyrir yngstu börnin til að rannsaka umhverfi sitt. Undirstaða þessara

rannsókna þeirra byggist fyrst og fremst á þeirra eigin forvitni og skynjun. Umhverfi þeirra er líka skipulagt á tiltekinn hátt, þannig að það ýti undir og styðji við könnunarpörf barnanna. Börn nota flest skynfæri sín í könnunarleik, þau skoða, snerta, þefa og hlusta. Einnig gera þau tilraunir, m.a. í jafnvægi, rými og afstöðu.

Markmiðið með könnunarleiknum er:

- að koma til móts við þá miklu þörf barnanna að rannsaka og uppgötva hvað þau geta gert með mismunandi hluti
- að barnið fái tækifæri til að skoða hluti og tengja þá sínum reynsluheimi
- að börnin hafi fjölbreytni í hlutum til þess að geta stundað rannsóknir sínar.

Innra mat á starfið, framkvæmd og niðurstöður

Endurmat á starfi skólans er tekið fyrir á deildarstjórafundum, starfsmannafundum og á skipulagsdögum. Starfið í heild sinni er endurskoðað í lok starfsárs og kannað jafnframt hvort áætlanir hafi verið raunhæfar og árangursríkar. Foreldrasamtöl fóru fram haustið 2020 á skipulagsdegi sem ætlaður er fyrir foreldrasamtöl og einnig vor 2021. Fram kom almenn ánægja meðal foreldra með starfið í leikskólanum. Aðstoðarleikskólastjóri gerir ársskýrslu fyrir hvert skólaár en þar er að finna upplýsingar um flest hvað varðar síðasta starfsár skólans. Einnig gerir skólinn skóladagatal þar sem starfsemi og annað sem tengist skipulagi skólans er fyrirfram ákveðið. Skýrslur og skóladagatal ásamt skólanámskrá hafa verið gerðar sýnilegri á heimasíðu leikskólans eins og fram kom í ytra mati Menntamálastofnunar að þyrfti að bæta.

Deildarnar skiptast á að gera starfsáætlun fyrir tvo mánuði í senn til að vinna saman að markmiðum hvers mánaðar, skipuleggja sönglög fyrir fagnaðarfundi og fleira.

Leikskólinn nýtir sér ýmis matstæki s.s. :

- **Heilsubók barnsins (frá Samtökum Heilsuleikskóla)**
- **Gátlisti Heilsuleikskóla (frá Samtökum Heilsuleikskóla)**
- **Hljóm-2 sem er athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna**
- **MOT hreyfiproskapróf**
- **Íslenski þroskalistinn**
- **Smábarnalistinn**
- **Matslistar frá sálfræðingum á vegum Fræðsluskrifstofu.**
- **Ofvirkniskvarði fyrir 4 ára og eldri**
- **Ofvirkniskvarði fyrir 4 ára og eldri sem foreldrar fylla út ef um hegðunarerfiðleika er að ræða**
- **EFI-2 (málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári)**
- **Íslenski máhljóðamælirinn**

Umbótaaðgerðir vegna ytra mats Menntamálastofnunar

Helstu umbótaaðgerðir skólaárið 2020-2021 vegna ytra mats sem Menntamálastofnun framkvæmdi í leikskólanum í byrjun árs 2017 voru:

- Endurskoðun og útgáfa skólanámskrár leikskólans
- Endurútgáfa starfsmannahandbókar starfsfólks
- Lýðræðisleg þátttaka barna endurmetin
- Reglur með tilkomu barnanna endurgerðar

-
- Unnið að skipulögðu skapandi starfi í leikskólanum, teymisvinna hófst að hausti
 - Matsáætlun gerð fyrir næstu þrjú ár
 - Umbótaáðgerðir birtar í helstu skýrslum á vegum leikskólans, sem og á heimasíðu skólans

Starfsmannasamtöl

Starfsmannaviðtöl eru einu sinni á ári. Þetta eru einkaviðtöl leikskólastjóra og viðkomandi starfsmanns og er fyllsta trúnaðar gætt. Í starfsmannaviðtölum er m.a. farið yfir líðan starfsmanns í vinnunni og samskipti við börn og samstarfsfólk. Einnig er rætt um óskir starfsmanns í sambandi við símenntun.

Deildarstjóraviðtöl eru einkaviðtöl deildarstjóra við starfsfólk deildarinnar og fara þau fram einu sinni á ári. Þar fá starfsmenn tækifæri til að ræða málefni sem varða deildina auk þess að koma með óskir um símenntun.

Þróunarstarf og nýbreytnistarf

Útisvæði leikskólans

Vorið 2021 hóf starfsfólk Garðasels að endurbæta útisvæði leikskólans. Ýmis hugmyndavinna fór fram og haldnir voru tveir formlegir útivinnudagar í apríl og maí 2021 þar sem starfsfólk vann ýmis verk á leikvelli skólans, m.a. með því að fegra og taka til á svæðinu, mála á stéttar og fleira auk þess að koma ýmsum efnivið á svæðið. Bíladekk, vörubretti, trjádruubar og rafmagnskefli voru flutt á leiksvæðið og komið fyrir á ýmsum stöðum á leikvelli barnanna. Sem dæmi má nefna að útielldhús var smíðað úr vörubrettum, rafmagnskefli breyttist í bensínstöð og bíladekk urðu hluti af þrautabraut. Sótt var um styrk frá þróunar- og nýsköpunarsjóði fræðsluviðs Reykjanesbæjar og í maí 2021 hlaut leikskólinn 500 þúsund krónur til að vinna að útisvæði skólans. Teymi var myndað innan starfsmannahópsins sem sér um að gera áætlanir og hafa yfirumsjón yfir verkefnum. Eitt fyrsta verk teymisins var að skipuleggja útivinnudag í júnímánuði utan vinnutíma þar sem áhugasamir starfsmenn mættu og unnu að ýmsum verkefnum.

Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir

2020

Ljósanæturball

Ljósanæturball hefur verið haldið árlega í langan tíma í salnum þar sem börn og starfsfólk kemur saman og dansar í tilefni af Ljósanæturhátíðinni. Árið 2020 var engin Ljósanótt haldin í Reykjanesbæ og féll því ljósanæturballið niður sömuleiðis.

Alþjóðadagur læsis

Alþjóðadagur læsis var sunnudaginn 8. september. Í tilefni af deginum voru kennarar hvattir til þess að leggja sérstaka áherslu á lestur.

Dagur íslenskrar náttúru

Í tilefni af degi íslenskrar náttúru 16. september fóru börn leikskólans í vettvangsferðir, bæði til að skoða umhverfið og einnig til að finna áhugaverðan efnivið í náttúrunni.

Samstarf um eldvarnir og fræðslu

Brunavarnarfræðsla hófst í Garðaseli september og lauk í maímánuði. Sérstök áhersla var lögð á fræðslu meðal útskriftarnemenda leikskólans. Börnin kynntust meðal annars slökkviálfunum Loga og Glóð og fengu sérstaka möppu tengda þessu efni ásamt bókamerki frá Brunavörnum Suðurnesja. Meðal annars fóru börnin í eftirlitsferðir um leikskólann í hverjum mánuði til að kanna hvort brunavarnir væru viðunandi. Þann 26. apríl 2021 komu fulltrúar frá Brunavörnum Suðurnesja og afhentu elstu börnum viðurkenningarskjöl fyrir veturinn og í leiðinni fengu börnin að skoða slökkviliðsbílinn og sprauta úr brunaslöngunni.

Heilsu- og forvarnarvika Suðurnesja

Garðasel tók sem fyrr þátt í heilsu- og forvarnarvikunni 5. - 9. október sem haldin er á hverju ári á Suðurnesjum. Dagskrá vikunnar var mjög fjölbreytt. Farið var í lengri og styttri vettvangsferðir og í skemmtilega hreyfileiki á deildunum þar sem aðferðir LAL (Leikur að læra) voru óspart notaðar. Til stóð að tveir elstu árgangarnir myndu heimsækja fimleikaakademíuna en vegna takmarkana á hópmyndum vegna Covid-19 smita á Suðurnesjum var hætt við það. Börnin fengu að smakka á óvenjulegum ávöxtum og þurrkuðum. Hinn árlegi inniþróttadagur var haldinn með þrautabraut um allan leikskólann föstudaginn 9. október.

Inniþróttadagur

Hinn árlegi inniþróttadagur var haldinn föstudaginn 9. október. Íþróttakennari leikskólans sá um að setja upp stöðvar og tæki.

Bleiki dagurinn

Föstudaginn 16. október var haldið upp á bleika daginn líkt og gert var á landsvísu og fengu börnin að mæta í skólann í einhverju bleiku í tilefni dagsins. Börnin fengu bleiklitaða mjólk og köku með bleiku kremi í tilefni dagsins. Dagurinn var okkar leið til að sýna samstöðu í baráttunni gegn krabbameini hjá konum.

Alþjóðlegur bangsadagur 27. október

Börnin fengu að koma með bangsa í leikskólann í tilefni af alþjóðlegum bangsadegi þriðjudaginn 27. október. Vegna Covid-varúðarráðstafana voru foreldrar hvattir til að þvo bangsana fyrir komu í leikskólann og gekk það vel.

Hrekkjavaka

Í tilefni af Hrekkjavökunni 31. október var mikið skreytt og útbúið með Hrekkjavöku-ívafi. Föstudaginn 30. október var svo slegið upp Hrekkjavökuballi í skreyttum salnum þar sem deildirnar hittust og höfðu gaman saman. Í tilefni dagsins fengu börnin að koma í búningi í leikskólann.

Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu er 16. nóvember ár hvert. Hann var haldinn hátíðlegur í leikskólanum mánudaginn 16. nóvember. Til stóð að elsti árgangur skólans hefði skemmtun í sal skólans fyrir foreldra sína. Vegna fjöldatakmarga við 10 manns var það ekki hægt þetta árið. Börnin sungu í staðin nokkur lög fyrir næstelsta árgang skólans og fóru með vísur. Dagskráin var tekin upp á myndband og deilt til foreldra á lokuðum Facebook-síðum árgangsins.

Á yngri deildum skólans var dagurinn haldinn hátíðlegur á deildum barnanna.

Piparkökubakstur

Piparkökubakstur var 1. og 2. desember, á yngri deildunum fyrri daginn og á eldri deildunum seinni daginn.

Jólaball foreldrafélagsins

Árlegt jólaball á vegum foreldrafélags Garðasels féll niður þetta árið. Í stað þess bauð foreldrafélagið upp á rafræna heimsókn frá jólasveinum sem sendu börnunum kveðju á jólaskemmtun leikskólans. Einnig fengu börnin gjöf frá foreldrafélaginu, bókunarsvuntu sem vakti mikla lukku.

Jóla-foreldrakaffi

Jólakaffi fyrir foreldra féll niður þetta árið vegna fjöldatakmakana vegna Covid-19. Börnin fóru heim með piparkökurnar sem þau höfðu bakað fyrr í vikunni og gáfu fjölskyldunni að smakka.

Kirkjuferð

Hin árlega kirkjuheimsókn leikskólanna féll niður þetta árið vegna Covid-19.

Jólamatur og jólaskemmtun

Börnum og kennurum var boðið upp á hangikjöt með öllu tilheyrandi fimmtudaginn 10. desember. Jólafagnaður var haldinn í sal skólans, sungin voru jólalög og dansað í kringum jólatréð. Tveir jólasveinar komu í rafræna heimsókn í boði foreldrafélagsins og sendu leikskólabörnunum góða kveðju. Börnin fengu einnig gjöf frá þeim og foreldrafélaginu, bókunarsvuntu.

Jólapeysudagur

Föstudaginn 11. desember klæddu börn og starfsfólk sig upp og komu í jólapeysu/kjól eða í einhverju rauðu.

2021

Rafmagnslaus dagur

Þann 15. janúar var rafmagnslaus dagur í Garðaseli. Þá máttu börnin koma með vasaljós að heiman og lítið sem ekkert rafmagn notað á deildum hluta af deginum á meðan dimmt var úti.

Bóndadagur

Í tilefni bóndadags 22. janúar fengu börnin þorramat að smakka. Ekki var unnt að bjóða pöbbum og öfum í heimsókn þennan dag vegna fjöldatakmakana.

Tannverndarvika

Fyrsta vika febrúar mánaðar ár hvert er helguð tannvernd. Markmiðið er að efla vitund barnanna og foreldra þeirra á mikilvægi góðrar tannheilsu. Í Garðaseli var unnið með efni tengt tannheilsu og börnin frædd um mikilvægi tannheilsu.

Dagur leikskólans

Dagur leikskólans er 6. febrúar ár hvert, en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Félag leikskólakennara, menntamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóli áttu sameiginlega frumkvæði að því að festa þennan dag í sessi. Haldið var upp á daginn í Garðaseli föstudaginn 5. febrúar með því að setja upp stærðfræðistöðvar á öllum deildum og deila myndum af gleðinni til foreldranna.

Dagur stærðfræðinnar

Föstudaginn 5. febrúar var haldið sameiginlega upp á **dag stærðfræðinnar** og **dag leikskólans**. Boðið var upp á margvísleg verkefni og leik tengd stærðfræði, *Leikur að læra* ásamt öðru skemmtilegu uppbroti.

Konudagur

Í tilefni af konudegi 21. febrúar fengu börnin fallega skreyttar bollakökur í síðdegishressingu föstudaginn 19. febrúar. Ekki var unnt að bjóða mömmum og ömmum í kaffiboð þetta árið vegna fjöldatakmakana.

Bolludagur

Á bolludag 15. febrúar fengu börnin fiskibollur í hádegismat og boðið var upp á rjómabollur með öllu tilheyrandi í síðdegishressingu.

Sprengidagur

Sprengidagur var 16. febrúar og boðið var upp á saltkjöt og baunir í hádeginu eins og hefð er fyrir.

Öskudagur

Öskudagurinn var 17. febrúar. Börnin mættu í öskudagsbúningum eða náttfötum að venju og skemmtu sér og öðrum. Kötturinn var sleginn úr tunnunni og börnin fengu snakk að launum.

Rugldagur

Föstudaginn 19. mars var hálfgerður „rugldagur“ í leikskólanum. Börn og starfsfólk „ruglaðist“ á deildum og fengu að eyða hluta af degi á næstu deild auk þess sem matarvenjur matráðanna fóru úr böndunum. Í hádegismat fengu börnin steiktan fisk í pylsubrauði og í síðdegishressingu var morgunkorn í matinn. Skemmtilegur og ruglaður dagur þar sem börnin voru alsæl.

Sokkadagur

Í tilefni af alþjóðlegum degi Downs heilkennis 21. mars voru börn og starfsfólk hvatt til að mæta í skólann í litríkum og/eða ósamstæðum sokkum mánudaginn 22. mars.

Páskaeggjaleit

Hefðbundin páskaeggjaleit féll niður þetta árið vegna takmarkana af völdum Covid-19. Í stað þess fengu börnin páskaegg í hólfíð sitt til að gæða sér á heima við. Páskaegginn voru í boði foreldrafélagsins eins og áður.

Dagur einhverfu – Blár dagur

Styrktarfélag barna með einhverfu stóð fyrir styrktaráttakinu Blár apríl sem hefur það að meginmarkmiði að vekja athygli á málefnum einhverfra barna. Dagur einhverfu er 2. apríl ár hvert og bar daginn upp á föstudaginn langa þetta árið. Ungir sem aldnir voru hvattir til að klæðast bláu frá toppi til tár miðvikudaginn 31. mars og börn og starfsfólk Garðasels lét ekki sitt eftir liggja í þeim efnunum og mætti bláklætt í leikskólann þennan dag.

Litadagur

Í tilefni af komu sumars var haldinn litadagur þriðjudaginn 20. apríl. Börn og starfsfólk mættu í grænum fatnaði þennan dag.

Dagur bókarinnar

Dagur bókarinnar er 23. apríl ár hvert. Haldið var upp á bókadaginn með því að leggja áherslu á lestur vikuna 26.-30. apríl.

Þemalok

Hópastarfi vetrarins lauk formlega föstudaginn 30. apríl. Elstu nemendur skólans fengu að velja hádegismatinn í tilefni af þemalokunum og völdu þau pylsur í brauði sem allir voru afar ánægðir með.

Listahátíð barna 2021

Listahátíð barna 2021 var haldin með óhefðbundnu sniði að þessu sinni. Engin formleg opnun var haldin eins og áður en börnin fengu að heimsækja sýninguna með kennurum sínum. Deildarnar Þúfa, Hvammur og Varða fóru á sýninguna. Þema hátíðarinnar árið 2021 var DÝR af öllum gerðum. Verk barnanna voru bæði í tvívídd og þrívídd.

Útskrift elstu barna

Útskrift var haldinn í sal skólans miðvikudaginn 26. maí. Börnin sungu nokkur lög sem þau höfðu valið sjálf með glæsibrag. Nemendur fengu útskriftarskjöl og rós frá Garðaseli. Frá foreldrafélagi Garðasels fengu þau garðhanska ásamt birkitré sem þau voru hvött til þess að gróðursetja og fylgjast með vaxa um ókomna tíð. Vegna Covid-ástandsins var takmarkaður gestafjöldi á hátíðinni og fóru foreldrar heim eftir söngatriði og útskrift. Útskriftinni var síðan fagnað með veislu í salnum. Dúkað var upp borð í salnum og boðið upp á kleinuhringi, ávaxtaspijót og popp. Síðan var farið í leiki og dansað. Þetta heppnaðist sérlega vel og börnin í skýjunum eftir daginn. Einhver hafði á orði að þetta væri „besti dagurinn“.

Sameiginleg kveðjuveisla

Haldin var sameiginleg kveðjuveisla fyrir öll elstu börn leikskólans sem hefja grunnskólagöngu haustið 2021 föstudaginn 28. maí. Snakk var í boði fyrir Vörðubörninn og fengu þau að horfa á mynd í salnum.

Hreyfivika Garðasels

Víkuna 7.-11. júní 2021 var hreyfivika í Garðaseli. Farið var í vettvangsferðir og einnig voru hinir árlegu hjóla- og útidótadagur og útiþróttadagur haldnir að venju.

Útiþróttadagur var haldinn í leikskólanum mánudaginn 7. júní (fyrir tvo eldri árganga skólans) og fimmtudaginn 10. júní (fyrir yngri árgangana). Settar voru upp ýmsar þrautir og stöðvar fyrir börnin og meðal annars var nýr efniviður á leiksvæði skólans nýttur vel.

Hjóladaður og útidótadagur

Hjóladaður var í leikskólanum þriðjudaginn 8. júní. Börnin fengu að taka hjólin sín eða annað útidót með sér í skólann og voru börnin afar ánægð með það. Útisvæði leikskólans var vel nýtt til leikja, bæði að framan og aftan.

Útskriftarferð elstu barna

Þann 9. júní var farið í útskriftarferð með útskriftarárgang skólans. Farið var með rútu frá leikskólanum klukkan 9:15 og komið var til baka rúmlega 14. Veðrið var ágætt, hlýtt en sólarlaust. Farið var í fjöruna við Garðskaga þar sem fjaran var skoðuð og leitað var að ýmsum lífverum. Börnin fundu meðal annars krabba, marflær og lýs. Farið var með afrakstur leitarinnar í Þekkingarsetrið í Sandgerði þar sem tekið var á móti börnum og kennurum af mikilli natni og fengu börnin að fræðast og skoða safnið auk þess að skoða lífverur fjörunnar með stækkunargleri og í smásjá. Grillaðar voru pulsar með öllu og börnin fengu Svala að drekka. Eftir matinn var farið á útisvæði nýja skólans í innri-Njarðvík, Stapaskóla, þar sem börnin fengu að leika í nýjum og spennandi útileiktækjum skólans. Eftir vel heppnaða ferð var haldið heim á leið og fengu börnin ís í eftirrött þegar komið var í leikskólann. Allir voru glaðir og rjóðir í kinnum eftir þennan góða dag og ein stúlkan sagði að þetta væri besti dagurinn hennar.

Bókasafn Reykjanesbæjar

Farið var með elstu börn leikskólans í sögustundir Bókasafns Reykjanesbæjar yfir veturinn eins og hægt var vegna samkomutakmarkana.

Reykjaneshöllin

Elstu nemendum Garðasels varð boðið í Reykjaneshöllina þar sem hægt var að leika sér á stórum íþróttavelli og fara í leiki. Boðið var upp á heimsóknir einu sinni í mánuði yfir veturinn en sumar heimsóknir féllu niður vegna samkomutakmarkana og banni til íþróttaiðkunar vegna kórónuveirufaraldursins.

Sumarstarf / Útival

Sumarstarf hófst í leikskólanum 14. júní og stóð til fram í ágúst.

Eftirtaldir krókar voru í boði þetta sumarið í útivalinu:

- Smíða- og listakrókur
- Vettvangsferðir
- Tilrauna- og vísindakrókur
- Leikjakrókur

Sumarhátíð

- Sumarhátíð Garðasels var haldin miðvikudaginn 23. júní í hinu fínasta veðri. Foreldrafélag bauð upp á atriði frá leikfélagi Keflavíkur auk þess sem fulltrúar frá félaginu mættu á svæðið á heimagerðum ísbíl og buðu börnum upp á íspinna að eigin vali. Foreldrafélagið styrkti leikskólann einnig með kaupum á andlitsmálningu og efnivið fyrir sápukúlur. Ýmislegt spennandi var í boði á útisvæðinu; sápukúlur, andlitsmálning, hoppidýna og fleira skemmtilegt. Boðið var upp á grillaðar pulsar og Svala fyrir alla.

Það sem féll niður vegna Covid-19 og samkomutakmarkana:

Ljósanæturball, jólaball foreldrafélagsins, kirkjuferð, tónleikar í Hljómahöll sem bjóða átti öllum elstu nemendum skólans á, Umferðarskólinn í boði lögreglunnar, innidótadagur, páskaeggjaleit og ýmsar ferðir í heimaskóla Garðasels, Heiðarskóla.

Kynning á leikskólanum

- Vegna samkomutakmarkana yfir allt skólaárið var ekki verið að bjóða upp á heimsóknir í skólann.

Fundir s.s. fundir allra starfsmanna, deildarstjóra, leikskólakennara, deildarfundir, samráðsfundir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra

- Starfsmannafundir voru 7 á starfsárinu. Tveir fundir voru á haustönn, annar á skipulagsdegi og hinn á skertum degi. Fimm fundir voru á vorönn, fjórir á skipulagsdegi og einn á skertum degi. Þá hittist allt starfsfólkið og fundaði, bar saman bækur sínar; lagði mat á starfsemi síðasta mánaðar og skipulagði næstu mánuði og ýmis önnur mál voru tekin fyrir.
- Deildarfundir eru vanalega haldnir á skipulagsdögum. Þar eru mál deildanna rædd, s.s. um vinnutilhögun, samræmingu og samskipti. Þess utan er fundað um málefni deilda ef þurfa þykir. Deildarfundir sem boðaðir eru utan starfsmannafunda og skipulagsdaga eru á ábyrgð deildarstjóra samkvæmt umbótaáætlun vegna ytra mats Menntamálastofnunar.
- **Deildarstjórafundir** voru skipulagðir alls 37 þetta skólaárið, allir á vinnutíma. Þar ræða saman allir deildarstjórar ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Þar er ýmsum skilaboðum og áherslubreytingum komið á framfæri.
- **Samráðsfundir** leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru inni í daglega starfinu og eins oft og þurfa þykir.
- **Fagfundir leikskólafulltrúa, leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra í Reykjanesbæ** eru haldnir einu sinni í mánuði yfir skólaárið á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar / í Fjölskyldusetrinu. Flestir þeirra voru í gegnum fjarskiptarbúnaðinn Teams þetta skólaár.
- **Fundir með sérkennurum.** Ágústa Björgvinsdóttir sérkennslustjóri Garðasels sér um fundi sem heyra undir sérkennslu eins og skilafundi og skýrslugerð. Reglulegir fundir eru haldnir með sérkennslustjórum og talmeinafræðingum í umsjón Ólafar Guðmundsdóttur sérkennsluráðgjafa hjá Reykjanesbæ.
- **Undirbúningstímar** deildarstjóra í Reykjanesbæ fóru frá sex tímum upp í tíu klst. á viku frá 1. október 2020 miðað við fullt starf. Undirbúningstímar hjá almennum leikskólakennara í fullu starfi eru sjö klst. á viku. Leiðbeinendur eiga rétt á undirbúningstíma einu sinni í viku, tvær klst. í senn miðað við 100% starf.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagur 24. september 2020

Fyrir hádegi var starfsmannafundur í sal skólans þar sem ýmis mikilvæg mál voru tekin fyrir. Sif Stefánsdóttir aðstoðarleikskólastjóri fór yfir áherslur fyrir komandi vetur í Garðaseli. Hádegismatur að hætti hússins var borðaður í Garðaseli. Eftir hádegismat var farið yfir niðurstöður úr Skólapúlsinum. Dagurinn endaði með deildarfundum á öllum deildum skólans þar sem vetrarstarfið á deildunum var undirbúið.

Skipulagsdagur 19. nóvember 2020

Skipulagsdagurinn var ætlaður foreldraviðtölum. Foreldraviðtöl voru tekin í síma að þessu sinni vegna fjöldatakmakana í leikskólum vegna Covid-19 aðgerða.

Skipulagsdagur 8. febrúar 2021

Fyrir hádegi var starfsmannafundur haldinn á Teams á hverri deild fyrir sig þar sem meðal annars var farið yfir starfsmannakönnun Maskínu. Einnig voru deildafundir á öllum deildum. Eftir hádegi var kynning á VelVirk og farið yfir helstu atriði í vellíðan starfsmanna í vinnu og í einkalífi. Kynning var haldin á stefnu Reykjanesbæjar. Einnig var Listahátíð barna skipulögð.

Skipulagsdagar 21. og 23. apríl 2021

Þessir skipulagsdagar voru upphaflega ætlaðir í námsferð starfsmanna en vegna Covid-19 varð ekkert úr skipulagðri ferð erlendis. Fyrri dagurinn var nýttur í deildarfundum þar sem meðal annars var verið að undirbúa fyrir foreldraviðtöl í maí. Unnið var að ýmsum verkefnum á útisvæði leikskólans þar sem meðal annars var smíðað útielldhús fyrir börnin. Seinni dagurinn var meðal annars nýttur til að skoða önnur útileiksvæði og vinna frekari hugmyndavinnu fyrir útisvæði skólans. Einnig fékk starfsfólk fyrirlestur um bragðlaukajálfun. Deildarfundir voru haldnir á öllum deildum.

Skipulagsdagur 31. maí 2021

Fyrir hádegi var starfsmannafundur og einnig fékk starfsfólk námskeið í skyndihjálpi sem fulltrúi frá Brunavörnum Suðurnesja sá um. Deildafundir voru haldnir á öllum deildum. Eftir hádegi var áfram unnið á útisvæði skólans.

Foreldrasamstarf

Áherslur og markmið

Eitt meginmarkmið í uppeldisstarfi leikskóla er að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barnanna í samræmi við þarfir þeirra og þroska og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega. Til þess að leikskóli geti unnið að þessu markmiði er nauðsynlegt að hafa náið samstarf við foreldra eða forráðamenn barnanna.

Leikskólakennarar/leiðbeinendur þurfa að þekkja heim barnanna utan leikskólans, fyrri reynslu þeirra, heimilisaðstæður og uppeldisviðhorf foreldranna. Þeir þurfa að kynnast vandamálum barnanna heima fyrir og vita hvernig brugðist er við þeim þar. Slíkar upplýsingar auka skilning leikskólakennara/leiðbeinanda á ýmsu atferli barnanna í leikskólanum. Á sama hátt þurfa foreldrarnir að fá vitneskju um hvernig börnunum vegnar í leikskólanum og kynnast uppeldisstarfinu þar.

Í aðalnámskrá leikskóla segir:

Starfshættir leikskóla eiga að hvetja til samvinnu og samstarfs milli barna, starfsfólks, foreldra og nærsamfélags.

Menntun til sjálfbærni á að endurspeglast í öllu starfi leikskóla í virku samstarfi við heimili og nærsamfélag.

Í leikskóla þarf að finna fjölbreyttar leiðir til samstarfs við fjölskyldur og leita margvíslegra leiða til að koma á framfæri upplýsingum um starfshætti og starf leikskólans.

Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna.

Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Þar ber leikskólakennurum og öðru starfsfólki að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu.

Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra þarf að byggjast á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hverra annarra. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn. Þar gefst foreldrum tækifæri til að kynnast starfsháttum, hugmyndafræði og námskrá leikskólans og starfsfólk leikskólans fær upplýsingar um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið. Foreldrar þurfa strax í upphafi að fá þau skilaboð að framlag þeirra sé mikils metið og litið sé á þá sem mikilvæga samstarfsaðila. Starfsfólki ber að leitast við að ná til foreldra allra barna. *Dagleg samskipti* þurfa að einkennast af vilja til samvinnu og virðingu fyrir tilfinningum og skoðunum barna, foreldra, leikskólakennara og annars starfsfólks. Tíðust samskipti fara fram þegar foreldrar koma með börn sín og sækja þau í leikskólann og mikilvægt er að sá tími sé nýttur til daglegra samskipta sé þess kostur.

Foreldrar þekkja börn sín best og styðja við skólagöngu þeirra með því að veita mikilvægar upplýsingar sem leggja grunn að námi barnsins. Jafnframt eiga foreldrar að hafa gott aðgengi að öllum upplýsingum um leikskólastarfið og börn sín svo að þeir geti fylgst með skólagöngu þeirra, veitt þeim stuðning og hvatningu. Hvatt er til *þátttöku* fjölskyldna í leikskólastarfi og að byggt sé á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar. Leitast skal við að hlusta eftir sjónarmiðum foreldra og stuðla að áhrifum þeirra m.a. í gegnum foreldraráð leikskólans og þátttöku í innra mati. Leikskólakennarar ígrunda og meta sjónarmið barna og framlag foreldra til leikskólastarfsins. Með fagmennsku sinni bera þeir ábyrgð á að skipulag starfsins taki mið af heildarhagsmunum allra sem að því koma.

(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011)

Foreldrafundir - foreldraviðtöl - fréttabréf

- Hagnýtur bæklingur er afhentur foreldrum barna sem eru að byrja í leikskólanum.
- Þegar barnið byrjar í leikskóla eru foreldrar boðaðir í viðtal hjá leikskólastjóra og deildarstjóra/leikskólakennara. Þar er skipst á upplýsingum um barnið, hvernig aðlögun þess verði háttað og fleira.
- Foreldraviðtöl á haustönn fóru fram 19. nóvember 2020, á skipulagsdegi starfsfólks. Um var að ræða símaviðtöl til allra foreldra, nema þeirra sem þurftu á túlk að halda. Á

vorönn voru foreldraviðtöl í leikskólanum fyrir foreldra elstu barnanna og boðið var upp á símaviðtöl á öðrum deildum. Þau voru haldin 17.- 20. maí 2021. Þar var farið yfir Heilsubók barnsins sem er matstæki Heilsuleikskóla. Með þeim skráningum fengu foreldrar upplýsingar um stöðu barnsins í þroska og hvernig því vegnaði í félagahópnum.

Foreldrafélag

Á Garðaseli er starfandi foreldrafélag. Í stjórn eru iðulega um einn til tveir úr hópi foreldra af hverri deild og einn úr hópi kennara Garðasels.

Í foreldrafélagi Garðasels skólaárið 2020-2021 voru:

Berglind Skúladóttir, Jenný Þorsteinsdóttir, Kristín Þórdís Þorgilsdóttir, Lilja Guðný Magnúsdóttir, Stella Steingrímsdóttir. Allar skiptu þær með sér verkum eins og efni stóðu til. Tengiliður: B. Sif Stefánsdóttir aðstoðarleikskólastjóri Garðasels.

Markmið foreldrafélagsins er að tryggja sem best velferð barna á Garðaseli og efla samvinnu heimilanna og leikskólans. Félagið hefur séð um jólaböll, boðið upp á leiksýningar, gefið börnunum páskaegg, farið í sveitaferð, haldið kökubasar, boðið upp á fyrirlestra, staðið að útgáfu á söngbók, haldið þriðdag á útisvæði leikskólans ásamt því að selja boli, dagatöl, flíspeysur og fleira. Öllum tekjum félagsins er varið í eitthvað skemmtilegt og uppbyggjandi fyrir börnin. Eins og er kunnugt er lögð mikil áhersla á hreyfingu barna í Garðaseli og hefur foreldrafélagið lagt sitt að mörkum til að efla þann þátt t.d. með kaupum á leiktækjum og áhöldum. Síðastliðin ár hefur Garðasel og foreldrafélag Garðasels sameinast um að sjá um sumarhátíð sem haldin er ár hvert.

Aðalfundur foreldrafélagsins féll niður þetta árið vegna samkomutakmarkana af völdum Covid-19.

Helstu verkefni foreldrafélagsins á starfsárinu:

- Bauð upp á rafræna heimsókn frá jólasveinum á jólaskemmtun leikskólans. Í leikskólanum var einnig glaðningur til barnanna, bökunarsvunta. Árlegt jólaball foreldrafélagsins féll niður.
- Buðu leikskólastarfsfólkinu upp á veitingar fyrir jól og einnig páskaegg fyrir páska.
- Gáfu útskriftarnemum Garðasels birkitré og garðhanska á útskriftardegi þeirra 26. maí.
- Bauð upp á skemmtiatriði frá Leikfélagi Keflavíkur á sumarhátíð leikskólans auk þess að bjóða börnum og starfsfólki íspinna að eigin vali.
- Styrktu leikskólann með kaupum á andlitsmálningu fyrir sumarhátíð auk efniviðs í sápukúluleiki.

Foreldraráð Garðasels

Í foreldraráði Garðasels 2020-2021 sátu Steindór B Róbertsson og Hanna María Kristjánsdóttir ásamt Ingibjörgu Guðjónsdóttur leikskólastjóra. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir sbr. 2.mgr. 4.gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Samstarf – fræðsla – ráðgjöf

Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila

Málefni leikskóla heyra undir Fræðsluvið Reykjanesbæjar. Fræðsluráð hefur umsjón með málefnum leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í umboði bæjarstjórnar. Sviðsstjóri fræðsluviðs er Helgi Arnarson. Leikskólafulltrúi er Ingibjörg B Hilmarsdóttir. Hún hefur yfirumsjón og eftirlit með faglegu starfi og rekstri leikskóla. Deildarstjóri skólaþjónustu er Kolfinna Njálsdóttir. Ólöf Guðmundsdóttir veitir ráðgjöf vegna sérkennslu til starfsfólks og foreldra í Garðaseli. Börn í leikskólum Reykjanesbæjar hafa aðgang að sérfræðiaðstoð á vegum skólaskrifstofu. Á hennar vegum eru starfandi talmeinafræðingar og sálfræðingar. Tengiliðir Garðasels eru Berglind Ósk Guðmundsdóttir talmeinafræðingur og Einar Trausti Einarsson sálfræðingur. Sími á Fræðsluviði Reykjanesbæjar er 421-6700. Einnig er í boði ráðgjöf frá Greiningar-og ráðgjafarstöð ríkisins, Proskahjálpi á Suðurnesjum, Svæðisskrifstofu Reykjaness, Talþjálfun Reykjavíkur og Fjölskyldu- og félagsþjónustu Reykjanesbæjar eins og þörf er á.

Starfsmannasamtöl

Starfsmannaviðtöl eru einu sinni á ári. Þetta eru einkaviðtöl leikskólastjóra og viðkomandi starfsmanns og er fyllsta trúnaðar gætt. Í starfsmannaviðtölum er m.a. farið yfir líðan starfsmanns í vinnunni og samskipti við börn og samstarfsfólk. Einnig er rætt um óskir starfsmanns í sambandi við símenntun.

Samstarf við grunnskóla Reykjanesbæjar

- Samstarfsverkefni leik- og grunnskóla hefur það markmið m.a. að tengja skólastigin saman, skapa samfellu í námi og kennslu barna á þessum tveimur skólastigum og ekki síst að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla. Skipulag samstarfs á milli leik- og grunnskóla er til fyrirmyndar og voru skipulagsfundir þrjár þetta árið. Sá fyrsti var haldinn fimmtudaginn 17. september í Heiðarskóla þar sem aðstoðarleikskólastjórar Garðasels og Heiðarsels ásamt deildarstjóra í Heiðarskóla, ræddu tilhögun vetrarins og settu niður tíma fyrir hinar ýmsu heimsóknir í leik- og grunnskóla. Í kjölfarið var útbúið skjal um allar heimsóknir og samstarf Heiðarskóla og leikskólanna tveggja og það sent til Fræðsluviðs bæjarins. Samstarf skólastiganna var með afar óhefðbundnum hætti þetta skólaárið vegna samkomutakmarkana af völdum kórónuveirunnar. Annar fundurinn var haldinn 18. febrúar þar sem farið var yfir stöðuna í ljósi þess að margar heimsóknir hefðu fallið niður á haustönn vegna kórónuveirunnar. Síðasti fundurinn var 19. maí en þá hittust aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri elstu barna í Garðaseli ásamt deildarstjóra yngsta stigs í Heiðarskóla. Farið var yfir gátlista/matsblöð sem leikskólakennarar skila af sér til grunnskólakennara um hvert og eitt barn sem byrjar grunnskólagöngu í Heiðarskóla haustið 2021. Önnur skil á milli

skólastiga fóru fram í tölvusamskiptum, símasamtölum og örfundum ásamt því að skila inn gátlistum og niðurstöðum úr Hljóm-2.

Samskipti Garðasels og heimaskólans Heiðarskóla veturinn 2020 - 2021

- Farið var í kynningarheimsókn í Heiðarskóla þar sem börnin fengu að skoða það allra helsta í skólanum.
- Elstu börnunum var boðið að sjá árshátíðaratriði frá 1. bekk Heiðarskóla í mars 2021.
- Nemendur Garðasels fóru í nokkrar heimsóknir í íþróttahús Heiðarskóla.
- Niðurstöður úr Leið til læsis 2020 voru kynntar rafrænt.
- Margar heimsóknir féllu niður vegna samkomutakmarkana af völdum Covid-19, m.a. heimsóknir 1. og 5. bekkjar Heiðarskóla í leikskólann og árleg heimsókn í Heiðarskóla í telfni af Degi íslenskrar tungu í nóvember.

Heimsóknir elstu barna í aðra grunnskóla:

- Heimsókn í Myllubakkaskóla 18. maí
- Heimsókn í Njarðvíkurskóla 26. maí
- Heimsókn í Holtaskóla 3. júní
- Heimsókn í Stapaskóla 8. júní (með foreldrum)

Samstarf þetta árið var við:

- Berglindi Ósk Guðmundsdóttur talmeinafræðing sem hefur tekið að sér að málþroskaprófa börn í Garðaseli fyrir Fræðslusvið Reykjanesbæjar
- Heilsugæslu Suðurnesja
- Fræðslusvið Reykjanesbæjar- og bæjarskrifstofur Reykjanesbæjar
- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
- Leikskóla Reykjanesbæjar
- Keflavíkurkirkju
- Bókasafn Reykjanesbæjar
- Brunavarnir Suðurnesja
- Atvinnumiðlun og Svæðismiðlun Reykjanesbæjar
- Þjónustumiðstöð Reykjanesbæjar
- Bus4U
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Öryggismál

- Securitas hefur umsjón með bruna- og þjófavörnum í leikskólum í Reykjanesbæ.
- Öryggisfulltrúi leikskólans er Fjóla Ævarsdóttir en hennar hlutverk er að yfirfara leikvöll og húsnæði og finni hún eitthvað sem betur má fara, þá er því komið á framfæri og kippt í liðinn hið snarasta.
- Öryggis- og rýmingaráætlanir hafa verið uppfærðar og gerðar sýnilegar á öllum deildum samkvæmt umbótaáætlun vegna ytra mats Menntamálastofnunar.
- Viðbragðsáætlun vegna slysa hefur verið endurskoðuð og gerð sýnileg á öllum deildum leikskólans samkvæmt umbótaáætlun vegna ytra mats Menntamálastofnunar.

Viðhald og breytingar

Á yngstu deild leikskólans, Lundi, var dúkalagt að hluta, baðherbergi málað og lagað eftir leka frá vatnsrörum í september 2020.

Viðeigandi ráðstafanir og viðgerðir voru á elstu og næstuelstu deildum skólans, Vörðu og Hvammi, eftir að gerð var athugun á rakaskemmdum á húsnæði skólans. Einnig voru viðgerðir í sal skólans og við inngang í eldhús.

Minniháttar viðhaldi og viðgerðum var sinnt eftir þörfum.

Endur- og símenntun starfsmanna.

Símenntunaráætlun fyrir allt starfsfólk leikskólans hefur verið endurbætt og er metin reglulega samkvæmt umbótaáætlun vegna ytra mats Menntamálastofnunar.

- Námskeið um mál og málþroska var haldið rafrænt á haustönn 2020. Ágústa Björgvinsdóttir og Aldís Búadóttir sóttu námskeiðið.
- Stjórnendadagur hjá starfsfólki Reykjanesbæjar var haldinn rafrænt miðvikudaginn 28. október 2020. Leikskólastjórnendur mættu á rafræna fundinn.
- BUGL-ráðstefna um margbreytileika einhverfurófsins var haldin rafrænt föstudaginn 29. janúar 2021. Sif Stefánsdóttir aðstoðarleikskólastjóri sat ráðstefnuna.
- Morgunverðarfundur RannUng var haldinn rafrænt föstudaginn 5. febrúar 2021. Sif Stefánsdóttir aðstoðarleikskólastjóri sat fundinn.
- Námskeið á vegum Karelle um kennarann og raddheilsuna var haldið rafrænt mánudaginn 8. mars og þriðjudaginn 23. mars 2021. Sif Stefánsdóttir og Fjóla Ævarsdóttir sóttu námskeiðið.
- Námskeið um erfið starfsmannamál var haldið rafrænt þriðjudaginn 13. apríl 2021. Sif Stefánsdóttir sótti námskeiðið.
- Skyndihjálp námskeið var haldið í Garðaseli mánudaginn 31. maí, á skipulagsdegi starfsfólks.
- Aðalfundur Samtaka Heilsuleikskóla var haldinn rafrænt fimmtudaginn 26. maí 2020. Stjórn Samtaka Heilsuleikskóla hélt aðalfundinn. Fundarstjóri var Erla Stefanía, leikskólastjóri á Fífusölum í Kópavogi og meðlimur í stjórn Samtaka Heilsusamtaka. Ingibjörg Guðjónsdóttir leikskólastjóri og B. Sif Stefánsdóttir aðstoðarleikskólastjóri Garðasels og ritari í stjórn Samtaka Heilsuleikskóla, sátu fundinn.

Lokaorð

Heilsuleikskólinn Garðasel átti áhugavert og annasamt skólaár. Margir mánuðir voru litaðir af afleiðingum kórónuveirunnar, meðal annars var skólinn starfræktur í hólfun stóran hluta ársins. Vetrarmánuðir voru þó mildir og lítið um snjó og klaka. Nokkrir viðburðir féllu niður og margir voru haldnir með óvenjulegu sniði, og oftast án utanaðkomandi gesta. Símenntun starfsfólks var með óhefðbundnum hætti, mun minni en önnur ár og yfirleitt á rafrænan hátt vegna samkomutakmarkana. Skipulagt starf skólans var að mestu með hefðbundnum hætti. Eftir veturinn má segja að leikskólinn hafi unnið ótrúlegt starf með bjartsýni og vilja að vopni til að halda leikskólanum uppi sem menntastofnun. Mikil mildi þykir að engin smit hafi borist í skólann og voru allir þakklátir fyrir það þegar bólusetningar framlínufólks hófst á vormánuðum. Starfsfólk skólans á miklar þakkir skildar fyrir óeigingjarnt og ötult starf í erfiðum heimsfaraldi þar sem unnið var að menntun barna við erfiðar aðstæður. Áfram leikskólinn Garðasel!

Virðingarfyllst,

B. Sif Stefánsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri.

Ingibjörg Guðjónsdóttir, leikskólastjóri.